



**Franska 2A050**  
**Vorönn 2013 - 2AB**

**Námsefni:**

Régine Mérieux og Yves Loiseau. 2009. *Latitudes* 1. Dider. (Lesbók og vinnubók). Lesnir verða kaflar 10-11  
*Le petit Nicolas*. Útg. Longman  
Ljósritað hefti FRA2A050 sem fæst í afgreiðslu skólans.

**Lýsing á efni áfangans:**

Í þessum fyrsta áfanga frönskunnar á 2. þrepi er áfram unnið að því nemendur auka færni sína í lesskilningi, tali, hlustun og ritun. Nemendur auka orðaforða sinn jafnt og þétt. Áfanginn er í ríkari mæli en áður þematengdur og meiri áhersla lögð á hagnýtingu frönskunámsins.

Meðal efna sem tekin fyrir eru ýmis mál sem eru efst á baugi í Frakklandi og öðrum frönskumælandi löndum. Samhliða þessari vinnu eru lesnar smásögur og ýmis verkefni unnin út frá henni. Nemendur eru þjálfaðir í sjálfstæðum vinnubrögðum, m.a. í ýmiss konar verkefnum í tengslum við þemu áfangans og fá meiri þjálfun í að tjá sig í ræðu og riti en rúmast hefur í fyrri áföngum.

**Lokamarkmið áfangans:**

**Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:**

- þeim orðaforða sem nauðsynlegur er til að mæta hæfniviðmiðum áfangans
- notkun frönskunnar til að mæta hæfniviðmiðum áfangans bæði munnlega og skriflega
- vera enn meðvitaðri en áður um ólík málsnið

**Nemandinn skal hafa öðlast leikni í að:**

- skilja nokkuð vel þegar rætt er um málefni daglegs lífs eða málefni sem tengjast þemum áfangans
- skilja betur en áður orð og orðasambönd sem eru einkennandi fyrir talmál
- skilja stuttar greinar t.d. í tímaritum, dagblöðum og á netinu um ýmis efni með hjálp orðabóka og uppsláttarrita og skima nokkuð þunga texta sem tengjast þemum áfangans þannig að hann skilji aðalatriðin
- taka þátt í samtali um afmörkuð, undirbúin efni
- skrifa texta af fjölbreyttara tagi en áður um efni sem tengist viðfangsefnum áfangans

**Nemandinn skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**

- greina aðalatriði í daglegu máli, svo sem samræður og fjölmiðlaefni, ef hann þekkir til efnisins og talað er nokkuð skýrt
- tileinka sér efni ritaðra texta af ýmsu tagi og hagnýta á mismunandi hátt
- gera útdrátt eða eigin hugleiðingar út frá ólíkum textum



- lesa skáldskap af hæfilegu þyngdarstigi og eiga auðveldara en áður með að túlka hann og tjá sig munnlega og skriflega um efni hans
- ræða við aðra af nokkru öryggi um efni sem hann þekkir vel til og geta betur en áður beitt málfari og málsniði við hæfi hverju sinni
- skiptast á skoðunum við aðra um framtíðaráform, framtíðarsýn og önnur málefni sem tengjast námsefninu
- skrifa flóknari og fjölbreyttari texta en áður um ýmis efni
- skrifa samantekt byggða á tilteknu efni, t.d. stuttri blaðagrein
- sýni gagnrýna hugsun og skipulögð vinnubrögð við lausn viðfangsefna
- geti nálgast viðfangsefnið á mismunandi og viðeigandi hátt

### Námsmat:

Lokapróf	60%	
Munnlegt próf	10%	
Þemaverkefni	10%	(tvö 5% verkefni, eitt munnlegt og eitt skriflegt)
Verkefni úr Nicolas	10%	
Vinnueinkunn	10%	

Nemandi verður að ná lágmarkseinkunn á lokaprófi til þess að einkunnir í lokaverkefnum og öðrum prófum séu teknar til greina í lokamati. Annars gildir lokapróf 100%. Munnlegt próf verður að taka til að fá lokaeinkunn. Vinnueinkunn samanstendur af eftirfarandi þáttum: Mæting, virkni í tímum, sjálfstæði í vinnubrögðum og verkefnaskil.

### Kennsluáætlun

1. vika	1. feb	Kynning á áfanga	
2. vika	4.-8. feb	1. þema: <i>Matur og veitingahús</i>	
3. vika	11.-15. feb	1. þema	LPN 1
4. vika	18.-22. feb	1. þema	
5. vika	25.feb-1.mars	1. þema	LPN 2
6. vika	4.-8. mars	1. þema	
7. vika	11.-15. mars	1. þema	LPN 3
8. vika	18.-19. mars	(VD 20.-22.) Þemaverkefni 1 (5%)	
<b>PÁSKAFRÍ 23. mars – 2. apríl</b>			
9. vika	3.-5. apr	2. þema: <i>Útlit og tíska</i>	
10. vika	8.-12. apr	2. þema	LPN 4
11. vika	15.-19. apr	2. þema	
12. vika	22.-26. apr	2. þema	LPN 5
13. vika	29.apr-3.maí	2. þema	<b>Munnlegt próf (10%)</b>
14. vika	6.-10. maí	2. þema	
15. vika	13.-17. maí	2. þema	<b>Þemaverkefni 2 (5%)</b>
16. vika	21.-24. maí	Upprifjun	

Birt með fyrirvara um breytingar á framvindu náms og námsmati og ósk um gott samstarf.

Anna Eyfjörð Eiríksdóttir ([annae@ma.is](mailto:annae@ma.is))